

Reykjavík 18. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skrárgatið, Þskj. 831 — 508. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna þingsályktunartillögu um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skrárgatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Mikil neysla barna og ungmenna á sætindum svo og aukin þyngd þeirra er áhyggjuefni. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi telja samtökin að hollustumerki eins og skrárgatið geti stuðlað heilbrigðari matarvenjum hjá börnum og fullorðnum. Skrárgatið mun auðvelda fólki að velja holl matvæli, þar sem merkið gefur neytendum færi á að velja hollan mat án mikillar fyrirhafnar.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Barnaheill – Save the Children eru leiðandi frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna um allan heim. **Sýn** samtakanna er heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur. **Markmið** Barnaheilla – Save the Children er að vekja heiminn til vitundar um stöðu barna og ná fram tafarlausum og ævarandi breytingum í lífi þeirra. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

